




Afstöðumynd 1:1500 (Loftmynd af kortasjá Kópavogsbæjar, Loftmyndir ehf.)



Afstöðumynd 1:250

Byggingarlýsing

Reynigrund 23-29, 200 Kópavogur

Landnúmer: L115755, L115756, L115757, L115758
Fastanúmer: F2064679, F2064680, F2064681, F2064682
Staðgreinir: 1000-1-70000230, 1000-1-70000250, 1000-1-70000270, 1000-1-70000290
Lóðastærðir:

Nr.	íbúð -lóð	bílag. - lóð	bílastæði	samtals m²
23	299	31.5		331
25	197	31.5	16.33	245
27	194	31.5	16.33	242
29	191	31.5	16.33	239
				1057

Stærðir íbúða og bílageymslna:

Nr.	íbúð	bílageymsla	samtals m²
23	126.6	26.9	154
25	126.6	26.9	154
27	126.6	26.9	154
29	126.6	26.9	154
			614

Nýtingarhlutfall: = 0.58

Almennt

Um er að ræða eitt hús með fjórum bílageymslum. Innkeyrsla inná lóðina er frá norðurhlíð. Þrjú bílastæði eru við austurenda. Gert er ráð fyrir hellum á flöt framan og austan við bílageymslur út að lóðamörkum.

Helstu heildarstærðir fyrir bílageymslur

Brúttóflötur: 107.5m²

Brúttórúmmál: 358.0m³

Birt flatarmál: 107.5m²

Skiptarúmmál: 329.28m³

Gólfkóti er 23.86m

Burðarvirki, einangrun, útveggjajklæðning

Húsið stendur á þjappaðri fyllingu á burðarhæfum botni.

200mm sökklar og 120mm botnplata eru staðsteypt úr járnbentri steinsteypu. Sökklar eru einangraðir að innan með 100mm XPS einangrun, frostrír jarðvegur leggst að sökklum að utanverðu. Undir botnplötur er einangraðar með 100mm XPS. Botnplata er slípuð.

Út- og innveggir eru 45x145mm timburgrindur, c/c 600, með 150mm steinullareinangrun milli veggjastoða. Útveggir eru klæddir öndunadúk að utan og loftaðri klæðningu -cembrit (fibersement)- í ljósum lit.

Þak er borið uppi af 45x245mm sperrum með 220mm steinullareinangrun milli sperra, gisklætt að ofan með 25mm borðaklæðningu og með EPDM þakdúk af viðurkenndri gerð. Milli borðaklæðningar og einangrunar komi 25mm loftunarbil. Loftun þaks er um lofttúður. Að innan er loft klætt rakavarnalagi og 13mm gífsi. Þakhalli er 1:40.

Klæðningar innanhúss

Að innan eru út- og innveggir ásamt loftum klædd rakavarnarlagi og klæðningu í flokki 1, gífsi.

Gluggar og hurðir

Gluggar og hurðir eru ál/tré gluggar sem uppfylla allar kröfur byggingarreglugerðar, dökkgrá – litur í samráði við hönnuð, með tvöföldu K-gleri.

Gólfefni og hiti

Steinsteyppt botnplata er slípuð. Ofnar eru notaðir til upphitunar.

Loftræsing

Rými eru náttúrulega loftræst með gluggum og hurðum.

Eldvarnir

Handslökkvitæki af viðurkenndri gerð og reyskynjari er í öllum rýmum.

Annað

Í öll rými komi niðurfall af viðurkenndri gerð. Frárennsli og lagnir tengjast núverandi lögnum á svæðinu. Gert er ráð fyrir tengibúnaði vegan hleðslu rafbíla í hverri bílageymslu.

U-gildi einstakra byggingarhluta:

Byggingarhluti	Leyft hámark U-gildis (W/m²K) Tí≥18°C	Reiknað U-gildi (W/m²K)
Þak	0.2	0.16
Útveggur	0.3	0.27
Gluggar	2.0	1.68
Hurðir	3.0	2.00
Botnplata	0.3	0.20

Skýringar: